

## AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2013.

Heimilt er að veiða allt að 1229 hreindýr árið 2013. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda. Veiðitími er frá 1. ágúst til og með 15. september. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hreindýraráðs, heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí, að því tilskyldu að þær veiðar trufli ekki kýr og kálfa í sumarheit, og lengt veiðitíma kúa til 20. september.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2013 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	<b>Kýr</b>	<b>Tarfar</b>	<b>Alls</b>
Svæði 1	84	104	188
Svæði 2	56	66	122
Svæði 3	45	35	80
Svæði 4	13	24	37
Svæði 5	25	43	68
Svæði 6	66	85	151
Svæði 7	241	184	425
Svæði 8	68	45	113
Svæði 9	25	20	45
<b>Samtals</b>	<b>623</b>	<b>606</b>	<b>1229</b>

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

- Svæði 1** Vopnafjarðarhreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlíð.
- Svæði 2** Fljótsdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú, Hróarstunga, Fell, Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 3** Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshérað að hluta, þ.e. Hjaltastaðapinghá, Eiðapinghá
- Svæði 4** Seyðisfjörður, Fljótsdalshérað að hlut, þ.e. Vellir austan Grímsár, og Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Mjóifjörður.
- Svæði 5** Fjarðabyggð að hluta, þ.e. Eskifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður.
- Svæði 6** Breiðdalshreppur, hluti Fjarðarbyggðar, þ.e. Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður, hluti Fljótsdalshrepps, þ.e. Skriðdalur austan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju.
- Svæði 7** Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
- Svæði 8** Hornafjörður, – áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur (Lón og Nes).
- Svæði 9** Hornafjörður, áður Mýrahreppur og Borgarhafnarhreppur (Mýrar og Suðursveit).

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, fært veiðiheimildir milli samliggjandi veiðisvæða þyki sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr reglugerðar nr. 486/2003, um stjórn hreindýraveiða, með síðari breytingum.

Á veiðisvæði 2 skal kvótinn fyrst og fremst veiddur austan Jökulsár í Fljótsdal, miðað við svipað ástand á komandi veiðitímabili og hefur verið undanfarin ár, þar sem hreindýrum á

Fljótsdalsöræfum hefur fækkað mikið undanfarin.

Á veiðivæði 4 eru óheimilt að veiða kýr í Seyðisfirði.

Á veiðivæði 7 skal kvótinn að stærstum hluta veiddur sunnan Hamarsdals, miðað við óbreytta hagagöngu.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að veiða allt að 22 kýr af leyfilegri veiði á tímabilinu frá 1. til 30. nóvember.

Á veiðisvæði 9 er heimilt að veiða allar kýr af leyfilegri veiði á tímabilinu frá 1. til 30. nóvember.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 486/2003 er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. janúar 2013.*